

Ed.

101. Frumvarp

til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera einn dócent. Dócentinn kennir málfræði og sögu íslenskrar tungu í sambandi við almenna málsögu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1925.

Greinargerð.

Mentamálanefnd neðri deildar Alþingis bar 1921 fram samskonar frumvarp, er þá náði ekki fram að ganga. Samt hefir slík kensla farið fram i háskólanum til síðustu ársloka fyrir fje, sem þar til hefir verið veitt i fjárlögum. Heimspekisdeild háskólans hefir farið fram á, að slíkur kennarastóll verði settur, og þykir háskólinn eigi mega án hans vera.